

Þaksperrur

Áratuga reynsla

Þaulreyndir starfsmenn

Gæði

Fjölbreytileiki

Umhverfisvernd

Byggingarhraði

Framleiðslueftirlit

SG Hús er að ljúka því ferli að fá CE merkingu þaksperra í gegnum BSI á Íslandi.



Um fyrirtækið

SG Hús hefur byggt timburhús frá árinu 1966 vítt og breytt um landið. Í dag er félagið að mestu í eigu starfsmanna sem þestir hafa starfað hjá SG Húsum um áratuga skeið. Lögð er áhersla á smíði vandaðra timburhúsa sem eru hönnuð og byggð fyrir íslenskar aðstæður. Fjölbreytilegt veðurfarið á Íslandi gerir miklar kröfur um vönduð vinnubrögð og reynsla starfsfólks okkar eykur öryggi og gæði húsanna. Timburhús byggð af SG Húsum eru nú rúmlega 1500 talsins og samtals um 170 þúsund fermetrar. SG Hús eru með alla sína starfsemi á sama stað að Austurvegi 69 á Selfossi. Þar er 1400 fermetra iðnaðarhúsnæði ásamt 11.500 fermetra útisvæði.

RISÞÖK

VALMAÞÖK


BOGAÞÖK

MANSARD ÞÖK



S.G. Hús hf • Austurvegur 69 • IS-800 Selfoss • Símanúmer: 482 3850 • Fax: 482 3851 • sghus@sghus.is







SG hús hafa tekið til notkunar tölvustýrða sög fyrir þaksperrur og veggeiningar. En með söginni sparast mikill tími auk þess sem hönnun á bæði þaksperrum sem og veggeiningum tekur skemmri tíma.

Eftir að arkitektateikningar liggja fyrir og þakform hefur verið ákveðið, er forritið RoofCon notað til að reikna út hagkvæmstu þversnið og gerð þaksperra. Að lokinni hönnun kemur teikning af þakplani og öllum þaksperrum fyrir byggingafulltrúa.

Samsetning er með gaddaplötum sem er þrýst inn í viðinn með 27 tonna pressu í einni aðgerð. Öll samsetning verður einfaldari, öruggari og umfram allt þjótlegri.



Tölvubúnaðurinn sem stýrir söginni er stjórnað af grafískum snertiskjá sem gerir stjórnanda sagarinnar kleift að sjá endanlegt útlit viðarins sem saga skal á skjá, áður en sögun hefst. Með þessu móti má draga úr mistökum við framleiðslu. Tölvubúnaðurinn er með innbyggt val á allt að 22 gerðum af þaksperrum, ásamt sperrukjálkum fyrir valmabök auk skærasperra.



Sögun er nánast án takmarkana

- Hægt er að snúa sagarblaðinu á söginni heilan hring eða 360°.
- Blaðinu má halla 90 -28° sem býður uppá fjöldann allan af möguleikum þegar kemur að samsetningu.
- Hægt er að saga allt að 260 mm þykkt tilmbur.
- Sögin er tölvustýrð sem býður uppá beintengingu við hugbúnað eins og CAD í gegnum TCP/IP. Sem eykur hagkvæmni og skilvirkni.
- Öll samsetning þaksperra eða veggeininga fer fram innan dyra sem eykur gæði framleiðslunar.
- Húsbyggendur, verktakar, hönnuðir, látið SG hús hanna þaksperrurnar strax í upphaP hönnunarvinnu. Við sjáum um að þaksperrurnar séu tilbúnar á réttum tíma

